

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka atvinnulífsins
og
Blaðamannafélags Íslands

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning BÍ og SA.

2. gr.

Meginmarkmið

Kjarasamningur þessi er framlenging á samningi aðila sem gildi frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf er:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 kr. 56.000.

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

ÓGH AR
MMS 1
MM
Sb
AET

3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 12:00 þann 20. janúar 2023.

Reykjavík, 6. janúar 2023

F.h. Blaðamannafélags Íslands

Sigrún Dögg Pétursdóttir
Anna Þór Ingólfsson
Höskuldur Guðmundsson
Júlíus Þór Halldórsson
Sólvör Lúka Þórunn.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Margrét Magnúsdóttir
Elví Þórhildur
Maj-Britt H. Þóris
Ólafur G. Halldórsson
Asth. Sig.

Kauptaxtar á samningstímanum

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1.flokkur	458.316	483.356	498.380	514.305	531.448	544.127	557.186	562.637	576.297
2.flokkur	536.758		548.368	560.412	572.908	575.840	584.952	598.572	612.702
3.flokkur	548.368		560.412	572.908	575.840	584.952	598.572	612.702	

AK ÖGH
 MHO
 AE, S
 SDA, 4
 MM

Fylgiskjal

Verkátlan

Með framlengingu á kjarasamningi aðila til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Á fyrsta fundi hvers hóps verður vinna hópsins skipulögð, metið verður umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkátlan.

	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Einföldun samnings	Jan. 2023	Mars 2023
Skoða forsendur fyrir að sameina kjarasamninga BÍ og FF	Feb. 2023	Apríl 2023
Gildissvið samnings	Apríl 2023	Okt. 2023
Vinnutími (vaktavinna, álagsgreiðslur, fjarvinna, 3ja mánaða leyfi, orlof o.fl.)	Sept/okt. 2023	Des. 2023
Önnur mál (sjóðagreiðslur o.fl.)	Sept/okt. 2023	Des. 2023
Einföldun launatöflu	Sept/okt. 2023	Jan. 2024

AK
ABE
MM
3
SUE
ÓGH
SVA
Eob